

Nd.

221. Breytingartillögur

[86. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (GÞG).

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins, er annast daglega stjórn stofnunarinnar. Framkvæmdastjórinn og forstöðumenn deilda mynda framkvæmdaráð stofnunarinnar.

2. Við 16. gr. 1. málgr. orðist svo:

Lánadeildin skal fela starfandi ríkisbanka eða ríkisbönkum vörzlu og bókhald þeirra sjóða, sem eru í umsjá Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem og afgreiðslu lánsfjár og innheimtu.